

1174. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 27. júní 2018, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Agnes Erna Estherardóttir, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Friðrik Boði Ólafsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Unnur María Pálmadóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1173. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1173. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Kjaramál

Ragnar Þór dreifði nýútkomnu Efnahagsyfirliti VR og sagði að þar kæmu fram athyglisverðar niðurstöður m.a. þær að þótt því sé haldið á lofti að lægstu laun hér á landi séu 68% hærra heldur en í Evrópusambandinu að þá er samt verðlag hér á landi 72% hærra og því séu ráðstöfunartekjur lakari hér á landi – þetta sé gott svar við því þegar talað er um að tímakaup sé svo miklu hærra hérlendis.

Könnunin sem við ætlum að framkvæma fyrir stóra fund okkar um kjarasamninginn í haust er má segja tilbúin. Keyrum hana í lok ágúst.

Staðan í ASÍ hefur verið í opinberri umfjöllun. Ljóst er að breytingar verða á Miðstjórn ASÍ þar sem Gylf Arnbjörnsson, Sigurður Bessason og Guðmundur Ragnarsson séu að fara að hætta. Við nýtum tímann á meðan og gætum þess að okkar málstaður njóti sín innan ASÍ. Sværrir Mar hjá AFL hefur boðað framboð til forseta en margir aðrir einnig verið nefndir.

Allt annað er á áætlun sem við stefndum að og var rætt á síðasta trúnaðarráðsfundi.

Umræður.

Í umræðum var m.a. rætt um gjaldþrot Víðisverslana og kom fram að um 50 félagsmenn VR voru þar við störf og eru þau farin að koma á skrifstofuna. Við lýsum kröfum í þrotabúið fyrir þau öll.

Undir þessum dagskrárlið lagði Ragnar Þór fram til undirskriftar umboð til sölu á fasteign VR í Biskupstungum að Rjúpnavegi 6 en stjórn hafði samþykkt sölu hennar sín á milli í tölvupóstsamskiptum milli funda. Nokkrir höfðu þegar undirritað en vantaði nokkrar undirskriftir.

Gekk það á milli og var undirritað.

3. Umræður um yfirlýsingu stjórnar VR frá 24. maí 2018

Ragnar Þór ræddi stuttlega yfirlýsingu sem stjórn VR samþykkti milli funda með tölvupósti og með símtölum við formann, en yfirlýsingin var þessi:

„Alþýðusamband Íslands eru stærstu samtök launafólks á Íslandi.

Hlutverk sambandsins er skv. 3.gr. laga ASÍ eftirfarandi:

- *Að hafa forystu í stéttarbaráttu launafólks, koma fram fyrir hönd aðildarfélaganna í sameiginlegum málum gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum, innanlands og á alþjóðavettvangi. Móta og samræma heildarstefnu samtakanna í atvinnu-, mennta-, umhverfis- og kjaramálum.*
- *Að samræma og tryggja framkvæmd þjónustu aðildarfélaganna við félagsmenn þeirra.*
- *Að standa að gerð kjarasamninga um sameiginleg mál sem aðildarsamtökin fela sambandinu skv. 9. gr.*
- *Framkvæmdir í þessu skyni annast aðildarfélögin sjálf, eða sambönd þeirra í umboði félaganna ásamt ársfundi og miðstjórn Alþýðusambandsins.*

Hlutverk forseta ASÍ er þannig að stuðla að samvinnu og samstarfi milli aðildarsamtaka ASÍ. Til þess að svo megi verða þarf forsetinn að vera í góðu sambandi við fulltrúa aðildarsamtakanna og virða ólík sjónarmið, hlusta og vera tilbúinn að miðla málum.

Forsetinn á alltaf að taka málstað félagsmanna aðildarfélaganna ASÍ og tryggja að hagsmunir þeirra séu efstir á blaði. Ábyrgð forseta ASÍ er fyrst og fremst gagnvart hinum almenna félagsmanni í verkalýðsfélögunum.

Við undirrituð teljum að forsetinn hafi ekki ræktað þetta meginhlutverk sitt. Þrátt fyrir skýra kröfu grasrótarinnar innan aðildarfélaganna ASÍ um breyttar áherslur og róttækari verkalýðsbaráttu hefur forseti ASÍ kosið að sniðganga þær kröfur og þær breytingar sem orðið hafa í forystu verkalýðshreyfingarinnar og notað til þess rödd Alþýðusambandsins.

Forseti ASÍ nýtur því ekki trausts til að leiða viðræður við stjórnvöld eða Samtök atvinnulífsins fyrir okkar hönd og mun ekki tala í umboði okkar.“

Umræður.

Í umræðum lagði Ingibjörg Ósk fram eftirfarandi bókun:

“Vegna yfirlýsingar stjórnar VR frá 24. maí 2018.

Þann 24. maí sl. var fjölmiðlum send yfirlýsing stjórnarmanna VR þar sem sagði að forseti ASÍ nyti ekki trausts stjórnarmanna „til að leiða viðræður við stjórnvöld eða Samtök Atvinnulífsins fyrir okkar hönd og mun ekki tala í umboði okkar“.

Forseti ASÍ sendi stjórnarmönnum VR tölvupóst 25. maí þar sem hann skýrir hvert erindi ASÍ var á fund stjórnvalda í umrætt skipti sem formaður VR misskildi svo hrapallega að hann staðhæfði að þar væri um að ræða upphaf samningaviðræðna.

Ef borið er saman upplegg formanns VR og varaformanns að yfirlýsingunni annars vegar og skýringar forseta ASÍ hins vegar hlýtur hverjum sanngjörnum stjórnarmanni að vera ljóst að yfirlýsingin byggðist á fljótferni eða beinlínis rangri túlkun á atvikum.

Ákvörðunarferli stjórnar VR í svona veigamiklu máli þarf að vera gegnsætt og getur ekki farið fram í einkasímtölum eða einkapóstum formanns við einstaka stjórnarmenn. Þess er óskað að lagt verði fram yfirlit um það hvernig og hvenær haft var samband við hvern og einn stjórnarmann og hvernig og hvenær hver og einn lýsti yfir stuðningi sínum við yfirlýsinguna.

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir (sign)”

Í tilefni þessa lögðu Ragnar Þór og Helga fram eftirfarandi bókun (var lögð fram í umræðum undir dagskrárlið 4.):

“Við höfnum algjörlega þeim rakalausum fullyrðingum og dylgjum sem fram koma í bókun Ingibjargar Óskar Birgisdóttur, stjórnarmanni og fulltrúa VR í Miðstjórn ASÍ þar sem hún gegnir hlutverki varaforseta. Bókun Ingibjargar virðist einvörðungu sett fram í þeim tilgangi að rýra trúverðugleika formanns og stjórnar VR en mikill meirihluti stjórnar samþykkti umrædda yfirlýsingu 24. Maí 2018 án frekari athugasemda eða breytinga á innihaldi yfirlýsingarinnar á stjórnarfund 27. Júní 2018.”

Undir þessum dagskrárlið afhenti Ragnar Þór, Sigurði Sigfússyni, afmælisgjöf frá félaginu í tilefni 70 ára afmælis hans nú nýverið. Sigurður þakkaði fyrir sig og hélt stutt ávarp.

4. Starfsreglur stjórnar

Ragnar Þór hóf þennan dagskrárlið á því að óska eftir samþykki fundarmanna fyrir því að fenginn yrði ráðgjafi til þess að fara yfir góðar samskiptareglur og fundarhætti hjá stjórn VR. Þetta hafi verið gert reglulega og sé jákvætt því við getum alltaf bætt okkur.

Samþykkt. 14 með - 0 á móti - 1 situr hjá

Helga ræddi nú starfsreglur. Sagði hún það skipta máli að stjórnarmenn séu ekki að rægia hvern annan. Allir megi hafa sínar skoðanir. Umræðan hafi oft verið það óvægin að nýir stjórnarmenn veigri sér hugsanlega við að tjá sig.

Hvatti hún fundarmenn til að lesa starfsreglurnar og að vinna að heilindum. Við erum lýðræðislega kosin og vinnum í umboði þeirra sem kusu okkur. Berum virðingu fyrir hvert öðru í öllum samskiptum.

Umræður.

5. Leigufélag stéttarfélaganna

Ragnar Þór sagði frá nýjum hugmyndum um leigufélag stéttarfélaganna og að þessar hugmyndir hafi þegar verið ræddar í Húsnæðisnefnd VR af Ragnari Þór og Bjarna Þór en hugmyndin sé komin fram að frumkvæði Stefáns Sveinbjörnssonar.

Stefán tók til máls og kynnti nú þær hugmyndir sem komnar eru fram og lagði fram skjalið *“Leigufélag stéttarfélaganna”* og fór yfir efni þess á slæðum.

Í máli Stefáns kom m.a. fram að þessar hugmyndir hafi kviknað út frá umræðum um andstöðu við hækkun framlags í lífeyrissjóð. Hugmyndin er hliðstæð því sem þegar hefur verið unnið á grundvelli Leigufélags VR þannig að um væri að ræða óhagnaðardrifið leigufélag og hafa stéttarfélagin einmitt lengi talað um að á markaðinn vanti slík leigufélög. Leiga væri ekki tengd markaðsverði heldur stofnkostnaði og rekstri. Hugsað sem langtímaleigu úrræði þar sem félagsmenn gætu valið að búa eins lengi og þeim hentar.

Félagið þarf að vera þannig fjármagnað að það geti viðhaldið sjálfu sér og enginn tekið út hagnað með einkavæðingu eins og gert var með verkamannabústaðina á sínum tíma. Þannig yrði þetta leigufélag stéttarféлага til framtíðar.

Stefán fór nú yfir að frá 1. júlí 2018 verði iðgjald í lífeyrissjóði 15,5% þar sem það hækki um 1,5% frá 1. júlí og með því sé stefnt að því að lífeyrisréttindi geti verið 76% af meðallaunum miðað við 40 ára inngreiðslutíma en fyrir hækkun voru þau 56%. Málið er þó það að þessi breyting verður í raun ekki komin í framkvæmd fyrr en eftir 40 ár.

Ef framlag í séreignasjóð, sem getur verið allt að 6%, er tekið með gæti iðgjald til lífeyrisréttinda verið allt að 21,5%.

Fjármögnun leigufélagsins er því hugsuð þannig að samþykkt verði að móttframlag í lífeyrissjóðina væri lækkað úr 11,5% í 10,5% og 1% sett í leigufélagið. Þar sem búið sé að semja um hækkun á móttframlaginu að þá er kostnaðaraukning atvinnurekenda engin.

Ef af þessu yrði áætlað Stefán að í leigufélagið kæmu 5,5 milljarðar króna á ári ef aðeins félög í ASÍ tækju þátt en 11,2 milljarðar ef allur vinnumarkaðurinn sameinast um þessa hugmynd. Ef miðað er við 30% eigið fé og 70% lánsfé mætti kaupa eða byggja 420 íbúðir á ári en það svaraði til um 19,1% af árs íbúðapörf. Að 10 árum liðnum ætti félagið 4.200 íbúðir og mjög fljótlega myndi slíkt félag hafa afgerandi áhrif á leigumarkaði og í raun allan fasteignamarkað. Slíkt sé orðið mjög mikilvægt og las Stefán upp nokkur dæmi af þeim sögum sem félagsmenn hafa sent VR vegna okurleigu á markaði. Sem dæmi um leigu í dag er 3 herb. íbúð í Engjapingi leigð á 280.000 kr. og hefur leigu- og fasteignaverð lækkað langt umfram launavísitölu VR á síðustu 7 árum.

Stefán ræddi næst þann mikla skort sem er á leiguhúsnæði, eftirspurn, fólksfjölgun, áhrif Airbnb, innstreymi erlends vinnuafns ofl. En þess má geta að áætluð árleg þörf er á markaði fyrir 2.200 nýjar íbúðir en þegar uppsöfnuð þörf í ársbyrjun 2017 er 6000 íbúðir.

Ef áætlanir ganga eftir myndi ekki gerð eins rík ávöxtunarkrafa eins og almennt er gert heldur eins og fjárfest væri í lengstu ríkisskuldabréfum á markaði sem í dag er 2,01% verðtryggt.

Stefán nefndi nokkur dæmi um mögulega leigufjárhæð t.d. 187.000 króna leiga fyrir 4 herbergja 100 fm. íbúð en slíkt væri þó háð ýmsum forsendum s.s. vaxtakjörum, eiginfjárframlagi, viðhaldi ofl. Í þessu samhengi ræddi Stefán rekstur slíks leigufélags og næmnigreiningu á leiguverði, áætlað fermetraverð og ýmsa áhættuþætti s.s. breytingar á markaðsaðstæðum, verðbóluskot ofl.

Ragnar Þór tók til máls og sagði að félagið Blær hafi verið til á ASÍ grunni en hafi vantað fjármagn – þetta væri ákveðin lausn í þá átt – þarna væri fé tekið en ekki af launahækkunum og yrði lausn á húsaleigumálum til framtíðar. Það sem til þyrfti væri smá eftirgjöf á réttindum sumra í dag en það muni t.d. gagnast börnum okkar og væri ákveðin lausn inn í framtíðina þar sem við sjáum í dag enga lausn. Þetta gæti orðið ein af stóru kröfum okkar í næstu kjarasamningalotu, væri lifandi verkefni með stöðugu innstreymi fjármagns og varanleg lausn.



Ragnar Þór sagðist hafa rætt málið við nokkra formenn stærstu stéttarféлага innan ASÍ. Allir sé mjög spenntir fyrir þessari nálgun og að taka umræðuna áfram. Leggur hann til að við höldum trúnaðarráðsfund í VR og kynnum fyrir baklandinu. Svo væri farið yfir þetta á þingi ASÍ.

Umræður.

Ragnar Þór óskaði eftir samþykki fundarins til að lenga fund til kl. 21:00
Samþykkt.

Að loknum umræðum óskaði Ragnar Þór eftir heimild stjórnar til þess að láta vinna þessar hugmyndir áfram, kynna þær og leggja fyrir trúnaðarráð VR.
Samþykkt.

15 með – 0 á móti – 0 sat hjá.

Fundi slitið kl. 21:10

Árni Leósson, fundarritari